

Viðauki við þjónustusamning um kennslu og rannsóknir fyrir árin 2012-2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Listaháskóla Íslands.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Listaháskóli Íslands kt. 421098-4099, í samningi þessum nefndur háskóli, gera með sér eftirfarandi viðauka við þjónustusamning um kennslu og rannsóknir dags. 29.12.2011. Viðauki þessi fjallar um fjárframlag til verkefnisins „Sértækt sumarnám háskóla 2020“ sem er ætlað að koma til móts við aðstæður á vinnumarkaði í kjölfar COVID19.

Hámarksframlag til háskólans samkv. samningi þessum eru 50 m.kr.

1. gr.

Markmið, markhópur, forgangsröðun og framkvæmdatími.

Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið hækkun fjárheimilda til málefnasviðs 21 Háskólastigs um 500 millj.kr. til sumarnáms í háskólum.

Markmið stjórnvalda með hækkun fjárheimilda er að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks en fyrirséð er að hefðbundin sumarstörf nemenda í háskólum eru standa ekki til boða.

Markhópur sérstakra námsúrræða á háskólastigi sumarið 2020 eru nemendur sem ljúka námi úr framhaldsskóla á vorönn og vilja sækja undirbúningsnám fyrir háskólanám, aðrir framtíðar háskólanemar, núverandi háskólanemar, sem og einstaklingar sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, brúa færnibil eða skipta um starfsvettvang.

Í kynningarbréfi aðgerðanna kom fram að sértæk námsúrræði geta verið af margvíslegum toga t.a.m. kynning á háskólanámi fyrir framtíðarnemendur, undirbúningsnámskeið fyrir nemendur sem eru að hefja háskólanám haustið 2020, heildstæðir námsáfangar í tilteknum námsgreinum (sem teljast til skólaársins 2019-20), stuttar hagnýtar námsleiðir á grunn- og meistarastigi, endurmenntun fyrir fagaðila eða þverfaglegt nám fyrir almenning.


Ekki var gerð krafa um að sértæk námsúrræði á háskólastigi væru einingabær eða nýttust til styttingar náms viðkomandi. Lágmarksfjöldi nemenda á hverju námskeiði skulu ekki vera færri en 10. Gert er ráð fyrir að skólar nýti jöfnum höndum kennsluhúsnæði fyrir staðnám og rafræna kennsluhætti, þannig að námsframboð geti nýst nemendum á landinu öllu.

Háskólarnir forgangsraða námsframboði sínu miðað við að námsframboð sé á þeirra viðurkennda fræðasviði, að teknu tilliti til skilyrða sem fylgja fjárveitingu til sértækra námsúrræða og eftirspurn. Horft verður sérstaklega til menntastefnu stjórnvalda eins og hún birtist í fjármálaáætlun og þeirra markmiða sem tilgreind voru í kynningarbréfi aðgerðanna. Sumarnám skal fara fram á tímabilinu 25. maí til 15. ágúst og getur lengd einstakra námskeiða verið frá einni viku og upp í tíu vikur.

2. gr.

Sumarnám 2020, Listaháskóli Íslands

Í lok apríl óskaði ráðuneytið eftir því við háskólann að hann skilaði inn til ráðuneytisins umsókn sértæk námsúrræði sumarið 2020, fyrir 5. maí sl.



Á grundvelli umsóknar háskólans um sértækt sumarnám 2020 hefur ráðuneytið ákveðið að hlutur Listaháskóla Íslands í heildarfjármögnun verkefnisins verði að hámarki 50 m.kr. (*Umsókn háskólans er fylgiskjal 1 með samningi þessum,*)

Yfirlit námskeið Listaháskóla Íslands, sem samningur þessi tekur til:

Í *rekstraráætlun háskólans* sem fylgdi umsókn (**fylgiskjal 1** með samningi þessum), kemur fram að heildarkostnaður við kennslu á sumarönn sé áætlaður 54,9 m.kr. Sumarönn háskólans hefst 29. maí og stendur til 14. ágúst.

Í **fylgiskjali 2, upplýsingum um námsáfangana**, er yfirlit yfir þau námskeið auglýst hafa verið í verkefninu „Sértækt sumarnám háskóla 2020“ og útlit er fyrir að verði kennd. Við undirritun samnings þessa eru skráðir nemendur á sumarnámskeið háskólans orðnir 482 í 1.205 ECTS einingum eða ígildi þeirra, en í umsókn háskólans var gert ráð fyrir 1.080 ECTS einingum eða ígildum þeirra.

Í **fylgiskjali 3**, er útskrift úr *nemendaskárkerfi* yfirlit yfir kennd námskeið. Þar kemur fram á hvaða námsstigi námskeiðin eru, tímalengd þeirra, hvaða deild þau tilheyra ásamt nemendaupplýsingum miðað við stöðu nemendaskráningar 15. júní.

Háskólinn hefur forgangsraðað námsframboði sínu svo það rúmist innan fjárveitinga til háskólans og horfði þá sérstaklega til menntastefnu stjórnvalda og þeirra markmiða sem tilgreind voru í kynningarbréfi aðgerðarinnar.

Framkvæmd sértækra námsúrræða í háskólum 2020 tekur mið af fræðilegu sjálfstæði háskóla skv. 2. gr. laga um háskóla og 21. gr. sömu laga.

3. gr.

Framlag

Heildarframlag ráðuneytisins til samnings þessa er að hámarki kr. 50.000.000,-. (fimmtíu milljónir,-)

Ráðuneytið greiðir framlagið í tveimur hlutum, 50% hámarksframlags er greitt við undirritun viðaukasamnings þessa. Á grundvelli fullnægjandi uppgjörsskila háskólans á framkvæmd verkefnisins „Sumarnám háskóla 2020“ í heild sinni fer fram uppgjör verkefnisframlags til háskólans að hámarki að 50% heildarframlags.

Uppgjörsskil fara fram á sérstöku skilaformi (**fylgiskjal 4**) þ.e. útskrift úr nemendaskrákerfi skólans þar sem fram kemur listi yfir námskeið sem kennd voru á tímabilinu 1. júní til 15. ágúst 2020, ásamt nemendaupplýsingum.

Listaháskóli Íslands innheimtir námskeiðsgjöld vegna þessara námskeiða í samræmi við gjaldskrá sína vegna þessa námsframboðs. Gjaldið er kr. 3.000,- fyrir hvert námskeið.




4. gr.

Gildistími


Viðaukasamningur þessi gildir frá 1 júní til 15. ágúst 2020.

Reykjavík, 22. júní 2020



A large, stylized handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Jón Þórhildur', written over a horizontal line.

f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis



A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Tóta Þorkelsgaard', written over a horizontal line.

Rektor Listaháskóla Íslands

Fylgiskjal 2 - Upplýsingar um námsáfanga

Fylgiskjal með samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við Listaháskóla Íslands um sumarnám á árinu 2020

Dagsetning: 23. júní 2020

Hér að neðan kemur fram listi með þeim 32 námskeiðum (tvö eru kennd tvisvar) sem Listaháskóli Íslands (LHÍ) hyggst kenna í sumarnámi árið 2020. Listinn miðast við stöðuna þann 23. júní 2020. Listinn getur tekið breytingum á þann hátt að námskeið geta fallið út eða bæst við, eftir því hversu margar skráningar berast.

Þann 23. júní 2020 voru komnar 482 skráningar í námskeið. Alls eru skráningarnar eru samtals um 1.205 ECTS einingar (eða ígildi 1.205 ECTS eininga). Það er 111,6% af þeim fjölda eininga sem lagt var upp með í umsókn LHÍ (sjá fylgiskjal 1). Hluti nemenda lýkur ekki námi en á móti kemur að opið verður áfram fyrir skráningar því eru allar líkur á því að markmið umsóknarinnar náist og vel það. LHÍ stefnir líka á að endurtaka þau námskeið sem njóta mestu vinsældanna.

Námskeið	Deild	Upphaf-dagur	Loka-dagur
Arkitektúr - rými form og umhverfi, Vinnusmiðja fyrir ungt fólk í arkitektúr	HöArk	8/4/2020	8/14/2020
Hringrás – Vinnusmiðja í vörühönnun fyrir ungt fólk	HöArk	8/4/2020	8/14/2020
Vinnusmiðja fyrir ungt fólk í grafískri hönnun	HöArk	6/15/2020	6/26/2020
Vinnusmiðja fyrir ungt fólk í fatahönnun	HöArk	8/4/2020	8/14/2020
Yfirnáttúra, náttúra og listir	HöArk	6/8/2020	6/19/2020
Samband heilsu og arkitektúrs á Íslandi	HöArk	6/8/2020	6/19/2020
Hvernig skapa ég fyrirtæki í kringum eigin listsköpun?		6/9/2020	7/2/2020
Rytmísk hljómfraeði og tónheyrn	Tónl.	6/8/2020	7/3/2020
Hljómfraeði I	Tónl.	5/28/2020	7/9/2020
Hljóð og alkemía	Tónl.	6/8/2020	6/26/2020
Óperusöngvarinn (ath. þarf að sjá fjölda nemenda til að geta klárað samninga)	Tónl.	6/15/2020	6/27/2020
Ítalska fyrir söngvara	Tónl.	7/20/2020	8/5/2020
Sýningagerð og sýningastjórnun	Mynd	6/9/2020	7/2/2020
Post-digital fagurfræði	Mynd	6/10/2020	7/3/2020
Eros – myndlíkingar ástarinnar	Mynd	6/9/2020	7/3/2020
Inngrip í almenningsrými	Mynd	6/8/2020	7/3/2020
Gjörningar með og án hluta	Mynd	7/21/2020	8/14/2020
Listræn heimild	Mynd	6/8/2020	6/19/2020
Silkiþrykk og Risograph	Mynd	7/27/2020	7/31/2020
Silkiþrykk og Risograph	Mynd	20/7/2020	24/7/2020
Sköpunarkraftur leikarans	Sviðsl.	6/8/2020	6/25/2020

Heimildaleikhús	Sviðsl.	6/8/2020	6/26/2020
Aðferðir í samtímadansi	Sviðsl.	6/8/2020	6/26/2020
Leiklist og tjáning fyrir fullorðna	Listk.	6/8/2020	6/19/2020
Leiklist og tjáning fyrir fullorðna	Listk.	22/6/2020	1/7/2020
Shakespeare einræður – undirbúningur fyrir prufur	Listk.	6/9/2020	7/2/2020
ungt fólk í lýðræðissamfélagi á 21. öldinni	Listk.	6/8/2020	8/14/2020
Screenwriting for short film	Listk.	6/8/2020	7/3/2020
Hljóðfæranámskeið Píanóleikur	Tónl.	8/5/2020	8/14/2020
Hljóðfæranámskeið Kammertónlist (ath. þarf að sjá fjölda nemenda til að geta gert samninga)	Tónl.	6/22/2020	7/1/2020
Turning Creative Ideas into a business in Iceland	HöArk		
Hópfjármögnun	HöArk		